Smáauglýsingar VÍSIS eru virkasta verðmætamiðlunin



Húsnæði óskast

VÍSIR
Fyrstur með fréttirnar

HRAÐKAUP

Fatnaður í fjölbreyttu úrvali á alla fjölskylduna á lægsta fáanlegu verði. Einnig táningafatnaður. Opið þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga til kl. 10. Laugardaga til kl. 6. Hraðkaup, Silfurtúni, Garðahreppi við Hafnarfjarðarveg.

INNRÖMMUN
EDDU BORG
Hafnarfirði
REYKJAVÍKURVEGI 64
Sími 52446
Opið frá 1 til 6.

Síldin að tregast

Síldveiði í Norðursjó mun nú talsvert hafa tregazt. Veður gerast nú vond þar suður frá, þegar líður á veturinn, og nú þegar hafa fáeinir bátar hætt veiðum og eru komnir heim.

Búizt er við, að flestir þeir íslenzku bátar, einir fjörutíu talsins sem fóru til síld veiða í Norðursjó í haust, verði við fram yfir miðjan desember, en leyfi til síldveiða á þessum slóðum rennur út um áramótin.

Og þá tekur loðnan við, og talsverðan tíma mun taka að búa báta til loðnuvertíðar. -GG


TJPO
ELDAVÉLAR



Raftækjaverzlun
H. G. Guðjónssonar
Sími 37637

Barum
VERÐSTAÐREYNDIR!

nýi TORFÆRUHJÓLBARÐINN
650—16 negldur kr. 4290.—
750—16 negldur kr. 4990.—



Barum

SÖLUSTAÐIR:
Hjólbarðaverkstæðið Nýbarði, Garðahreppi, sími 50606.
Skodabúðin, Kópavogi, sími 42606.
Skodaverkstæðið á Akureyri h.f. sími 12520.
Varahlutaverzlun Gunnars Gunnarss., Egilsstöðum, sími 1158.

BYGGÐASAFNIÐ AFTUR TIL EYJA UM ÁRAMÓT

— „Þeirra eigin menning, sem ég vona að þeir þurfi ekki að blygðast sín fyrir"

„Mark mitt er að flytja byggðasafnið út til Eyja aftur um áramótin. Ég býst þó við því, að ég fái að geyma málverkin á Þjóðminjasafninu eitthvað lengur, þar sem húsnæði er eiginlega ekki fyrir hendi fyrir þau úti í Eyjum," sagði Þorsteinn Víglundsson, forstöðumaður byggðasafnsins í Eyjum, þegar við litum inn á sýninguna á Kjarvalsstöðum í gær.


Byggðasafnið hefur verið geymt á Þjóðminjasafninu, frá því það var flutt frá Eyjum um 27. jan. „En nú er í byggingu safn í Eyjum. Hvenær því verður lokið, er ekki gott að segja. Við höfum nóga peninga, en mannskapinn vantar, og ekki er hægt að taka hann frá fiskvinnslunni í vetur.

Í þessu safni, sem er staðsett á Stakkagerðistúni, verður væntanlega komið fyrir bókasafni, byggðasafninu og svo listaverkasafninu."


Töluvert slangur af Vestmannaeyingum hefur litið inn á sýninguna", sagði Þorsteinn okkur. „Enda er þetta þeirra eigin menning, sem ég vona, að þeir þurfi ekki að blygðast sín fyrir."

Margt merkilegt er á þessari sýningu, sem er einkaframtak Þorsteins. Þarna má meðal annars sjá fyrsta björgunarskip þjóðarinnar, sem Eyjaskeggjar keyptu árið 1920 á 175 þús. krónur. Og jafnvel börnin voru látin taka út aura, ef fyrir hendi voru, til þess að borga skipið.

34 Kjarvalsmyndir eru á sýningunni ásamt fleiri mynd



Þarna voru það konurnar, sem unnu erfiðustu verkin. Karlarnir þóttust geta haft það öllu betra. — Einokunartímabil Dana í Eyjum.



um, allar frá Eyjum. Líkan af Skansinum er sýnt frá þeim tíma, er Danir einokuðu verzlunina í Eyjum. Og þá voru það svo sannarlega konurnar, sem unnu. „Við settum tvær konur með saltbörur á milli sín á líkanir, til þess að sýna þrældóminn á konunum þá. Þá voru það ekki karlmennirnir sem unnu, heldur báru þær kol og salt og fleira á milli húsa.

Sýningin er opin frá 4-10 alla daga, nema laugardaga og sunnudaga 2-10. Henni lýkur á sunnudag. —EA

Fyrsta björgunarskip, sem kom til landsins, keyptu Eyjamenn á 175 þúsund krónur. Börnin tóku út aura sína til þess að hægt væri að greiða skipið.



Bókaútgáfa Arnar og Örlygs hefur sent á markaðinn sex nýjar bækur:

RÁÐSKONA ÓSKAST Í SVEIT

Undirtitill þessarar bókar kemur eiginlega beint úr smáauglýsingunum, sem sé „má hafa með sér barn". Hver kannast ekki við þetta orðalag. Það er Snjólaug Bragadóttir, blaðakona hjá Tímanum, sem hefur skrifað þessa skáldsögu, og er það önnur bók hinnar ungu skáldkonu. Ung Reykjavíkurstúlka fer sem ráðskona á fámennt sveitaheimili norður á landi. Með henni er 5 ára dóttir, en barnsfaðirinn verður eftir fyrir sunnan. Ráðskonunni mæta þarna ýmsir erfiðleikar.

STUNGIÐ NIÐUR STÍLVOPNI

Í þessari bók lítur séra Gunnar Benediktsson í Hveragerði, „Drottins smurði til Grundarþinga", eins og hann kallar það yfir liðna daga og minnist manna og málefna. Gunnar Benediktsson á sér langa og litríka sögu fyrir afskipti sín af félags- og menningarmálum. Bókin hefst árið 1920 er hann gerist „Drottins smurði til Grundarþinga", eins og hann kallar það, þar til hann lætur af kennslustörfum í Hveragerði á síðasta ári. En á þessu hálfrar aldar skeiði hafði séra Gunnar verið einn mesti predikari blóðrauðs bolsévisma og notaði jafnt bílapalla, húsþök eða moldarhauga sem ræðustól.

SÝÐUR Á KEIPUM

Fá skip eru Reykvíkingum (og Skagamönnum) jafnvel þekkt og Akraborgin. Og þekktastur allra stjórnenda þessa skips er án efa Guðjón Vigfússon. En Guðjón sigldi með öðrum fleyjum en Akraborginni, m.a. var hann dáti í sjóher Danakóngs. Ýmis ævintýri biðu hins unga sæfara, og í þessari bók segir frá ýmsu af því, sem á daga Guðjóns Vigfússonar hefur dreifið.

ÞRAUTGÓÐIR Á RAUNASTUND

Hér birtist fimmta bindið í björgunar- og sjóslysasögu Íslands, og nær það yfir árin 1953-1958. Það er Steinar J. Lúðvíksson, blaðamaður við Morgunblaðið, sem hefur ritað þessa sögu. Í formála segir m.a.: „Má geta þess að samkvæmt skýrslum félagsins fórust á þessum árum 1361 íslenzkir menn í sjóslysum, en samtals 5683 mönnum var bjargað frá drukknun eða úr sjávarháska. Í þessum hópi voru 1049 menn, sem bjargað var af björgunarsveitum Slysavarnafélagsins. Á sama árabili drógu björgunar- og varðskip 1623 hjálparþurfi skip að landi, með samtals 10.045 manns innanborðs". Margir eftirminnilegir atburðir gerðust á því árabili, sem bókin spannar, og eru þeir raktir ítarlega í bókinni.

MANNLEG NÁTTÚRA UNDIR JÖKLI

Þórður Halldórsson frá Dagverðará lýsir hér, hve mannleg náttúra er margslungin og mikilfengleg í hans heimabyggð. Refaskyttuna, listmálarann, skáldið og sagnaþulinn þarf naumast að kynna, enda löngu landskunnurmaður og „sést langt að" eins og Jökulinn, eins og segir í frétta tilkynningu frá þeim Erni og Örlygi. Þórður: „Undir Jökli verður enginn vændur um ósannsögli, því að þar getur enginn sagt frá neinu svo óvenjulegu eða ósennilegu, að það hafi ekki gerzt þar eða eigi eftir að gerast". Loftur Guðmundsson færði minningar Þórðar í letur, en Ragnar Kjartansson myndlistarmaður hefur myndskreytt bókina.

UNDIR HAUSTSTIRNDUM HIMNI

Leiftur h.f. hefur sent frá sér ljóðabók þessa, sem er eftir Richard Beck, hinn þekkta Vestur-Íslending. Í bókinni er að finna 50 ljóða Richards frá síðustu 14 árum.

KVIÐUR HÓMERS

Menningarsjóður hefur gefið út Ilíonskviðu og Odysseifskviðu Hómers. Þeir Kristinn Ármannsson og Jón Gíslason bjuggu verkið til prentunar. Verkið var áður gefið út 1949, en er nú offsetprentað í Letri.

UM NÝJA TESTAMENTIÐ

Rannsóknir síðari ára hafa gjörbreytt skoðunum fræðimanna á frumheimildum kristnidómsins. Er nú litið á höfundana sem hóp guðfræðinga, sem tengdir eru stefnum og straumum í menningarlífi sinna eigin tíma og eru um margt ólíkir og jafnvel ósammála. Hvernig ber því að túlka hin fornu rit? Séra Jakob Jónss. hefur valið Nýja testamentið sem sína sérgrein. Í þessari nýútkomnu bók, sem Menningarsjóður gefur út, ræðir hann hin nýju sjónarmið.

RAFTÆKNI OG LJÓSORÐASAFN

Handhæg og ómissandi bók fyrir þá, sem starfa við raftækni, en vilja jafnframt tjá sig á móðurmálinu í stað þess að sletta erlendum orðum. Þetta er annað bindi safnsins, og undirbúningur hafinn fyrir útgáfu hins þriðja. En er orð eins og Augabragðshreyfiorkuþykkni ekki nokkuð strembið? Menningarsjóður gefur bókina út.